

155 / Styrktarsjóður verðugra og þurfandi konungslandseta og ekkna þeirra í suðuramtinu fyrir árið 1881.

		Tekjur.	Kr. A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1880:	kr. a.	
	a. Ríkisskuldabryf	3400 "	
	b. Skuldabryf einstakra manna	300 "	
	c. Ógreiddir vextir til 11. júní 1880 af skuldabr. einst. manns 4 "		
	d. Í peningum	195 36	3899 36
2.	Rentur af vaxtafje sjóðsins		148 "
3.	Tillag úr landssjóði samkvæmt konungsráðgjafi 7. okt. 1875		8 "
			Tekjur alls 4055 36
		Gjöld.	Kr. A.
1.	Styrkur greiddur konungslandsetum og ekkjum þeirra		156 "
2.	Eptirstöðvar við árslok 1881:	kr. a.	
	a. Ríkisskuldabryf	3400 "	
	b. Skuldabryf einstakra manna	300 "	
	c. Ógreiddir vextir til 11. júní 1881	8 "	
	d. Í peningum	191 36	3899 36
			Gjöld alls 4055 36

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt 10. gr. C. 4. fjárlaganna

samþykkti landshöfðingi tillögur

amtsráðsins í SUÐURUMDÆMINU um veitingu handa búnaðarfélagi Suðuramtsins 1500 kr. og búnaðarfélagum Seltjarnarness- og Mosfellshreppa sínar 133 kr. 33 a. handa hverju, alls 1766 kr. 66 a.,

um styrk handa ferðabúfræðingi í Rangárvallasýslu og til rannsóknar á Hafursá 597 kr.,
um styrk handa Gísla Árnasyni frá Bitru til að framhalda námi sínu við búnaðarskólann á

Stend 100 kr.,

amtsráðsins í VESTURUMDÆMINU um, að búnaðarsjóði vesturumdæmisins verði lagðar 1233 kr. 33 a.,

kennslustofnuninni í Ólafsdal 1000 kr.,

Sveini búfræðingi Sveinssyni upp í laun 200 kr.

Jósepi Jakobssyni frá Sauðafelli upp í styrk til að ferðast til Skotlands og framast í búfræði 33 kr. 33 a.,

amtsráðsins í NORÐUR- OG AUSTURUMDÆMIMU um, að búnaðarskólinn á Hólum fái 100 kr. styrk, sbr. lhfðgbr. 26. júlí 1882 hjer á eptir, og,

að Jónas búfræðingur Eiríksson verði styrktur 600 kr. til að framast í búnaðarskóla erlendis.

13. gr. B. V. c.

Alþýðuskólanum og gagnfræðaskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð voru lagðar 1000 kr. árið 1882 til móts við 300 kr. styrk úr sýslusjóði Kjósar- og Gullbringusýslu og 200 kr. úr sveitarsjóði Garðahrepps,

Unglingaskólanum á Felli í Kollafirði 200 kr. árin 1882 og 1883 til móts við 100 kr. úr sýslusjóði Strandasýslu.

16. gr.

Jónasi organista Helgasyni var veittur styrkur til að gefa út ágrip af söngfræði til barnakennslu 20 kr. fyrir hverja örk, þó eigi fyrir meira en 2½ örk.